

Ed.

148. Frumvarp til laga

[66. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 66 14. júlí 1975.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. des.)

Samhljóða þskj. 71 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

12. gr. laganna orðist þannig:

Í þingsályktun um vegáætlun skal þjóðvegum skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum:

Stofnbrautir:

Vegir, sem ná til 1000 íbúa svæðis og mynda eðlilegt samfelld vegakerfi til tengingar byggða landsins. Víkja má frá reglunni um íbúafjölda, ef um er að ræða tengingu kaupstaða eða kaптúna, sem mynda samræmda heild frá atvinnulegu eða félagslegu sjónarmiði. Sama gildir um tengivegi, sem hafa mikla árstíðabundna umferð eða þar sem innan 10 ára má búast við 1000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina.

Þjóðbrautir:

Vegir, sem eru minnst 2 km langir frá vegamótum og ná til a. m. k. þriggja býla, þannig að þeir nái að þriðja býli frá vegarenda. Víkja skal frá þessari reglu, ef um er að ræða veg að kaптúni. Sömuleiðis má, þar sem aðalfjallvegur liggur úr byggð, telja þjóðbraut að innsta býli.

Heimilt er að taka í tölu þjóðbrauta vegi að flugvöllum utan kaupstaða, þar sem reglubundið áætlunarflug hefur verið starfrækt samkvæmt leyfi samgönguráðuneytisins í eitt ár eða lengur. Ennfremur er heimilt að taka í tölu þjóðbrauta vegi að skólastöðum og öðrum hliðstæðum stöðum, þar sem vísir að þorpi hefur myndast vegna þeirrar starfsemi, sem þar fer fram.

Við skiptingu fjárveitinga til þjóðbrauta á milli kjördæma skal hafa hliðsjón af ástandi þeirra, notkun og lengd í hverju kjördæmi.

6.—12. gr. (lokagrein) hljóða þannig:

6. gr.

23. gr. laganna orðist þannig:

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kaптúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja landa og lóða með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 7.000. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald sbr. 21. grein.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

26. gr. laganna orðist þannig:

Í kaптúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu $\frac{3}{4}$ sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

8. gr.

28. gr. laganna orðist þannig:

Af tekjum vegamála samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar skal árlega veita til sýsluvega upphæð, sem sé eigi lægri en tveimur og hálfum sinnum heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan viðkomandi fjárlagaári. Frá því dregst þó mótframlag ríkissjóðs, sem þegar hefur verið greitt skv. síðustu málsgrein þessarar greinar.

Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. mgr. eftir reglugerð, sem ráðherra setur. Skal framlag til sýslu aldrei vera lægra en helmingur þess, er hún lagði til sýsluvegasjóðs það ár, sem ríkisframlagið miðast við. Að öðru leyti skal við skiptingu ríkisframlags aðallega miða við notkun og lengd þeirra sýsluvega í hverri sýslu, sem falla undir a—c lið 19. gr., en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af því, hve mikill hluti þeirra veگا er lagður, ruddur eða ekki akfær.

Framlag, sem hreppur kann að hafa greitt umfram lágmark samkvæmt 21. gr., skal, ásamt mótframlagi ríkissjóðs, sem heimilt er að greiða á sama ári og framlag hrepps er innheimt, renna óskipt til sýsluvega í viðkomandi hreppi, án tillits til 2. mgr. 28. gr.

9. gr.

Aftan við 37. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgrein:

Skylt er að leita samráðs við vegamálastjóra áður en framkvæmdir eru hafnar við lagningu einkavega utan landareigna lögbýla.

10. gr.

69. gr. laganna orðist þannig:

Byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja, nema leyfi vegamálastjóra komi til, nær vegi en 15 m frá miðlínu þjóðbrauta og 30 m frá miðlínu stofnbrauta. Nánar skal kveðið á um þessi atriði í reglugerð skv. 13. gr.

Verði ágreiningur um, hvar miðlína vegar muni verða, sker vegamálastjóri úr. Þar sem þjóðvegur liggur um skipulagt svæði, skal fjarlægð bygginga frá vegi ákveðin í samræmi við skipulag.

Vörupalla eða vöruskýli vegna mjólkurflutninga skal heimilt að setja nær vegi en um getur í 1. mgr., þó ekki nær en svo, að bifreið geti staðnæmst við skýlið utan akbrautar.

Loftlínur má ekki strengja yfir veg, nema lægsti hluti línu sé a. m. k. 5 metra frá yfirborði vegar.

11. gr.

72. gr. laganna orðist þannig:

Óheimilt er að grafa framræsluskurði, nema leyfi vegamálastjóra komi til, nær vegi en 15 m frá miðlínu þjóðbrautar og 30 m frá miðlínu stofnbrautar. Nánar skal kveðið á um þetta atriði í reglugerð samkvæmt 13. gr. Einnig er óheimilt að leggja uppgröft úr skurðum að vegi, nema að fengnu leyfi vegagerðarinnar.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977. Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í vegalög nr. 66 14. júlí 1975 og gefa þau út svo breytt.